

## Verðtilfærslusjóður SAM 2020

Í samræmi við heimild í 13. grein laga nr. 99/1993 hafa aðildarfélög SAM gert samning sín á milli um verðtilfærslu milli ákveðinna mjólkurafurða. Framkvæmd og fjárreiður verðtilfærslunnar er í höndum SAM.

Í verðtilfærslusjóð SAM eru innheimt gjöld af sýrðum vörum öðrum en jógúrt, rjóma og sérostum. Greitt er úr sjóðnum vegna sölu á nýmjólk, hreinu skyri, smjörva, mögrum ostum (Gouda 17% og Mozzarella), iðnaðarmjólkurdufti, undanrennufti og kálfafóðri.

Eftirfarandi er rekstraryfirlit verðtilfærslusjóðs SAM árin 2020 og 2019:

	2020	%	2019	%
<b>Inngreiðslur:</b>				
Innheimt verðtilfærsla	280.831.232	100,0	278.165.178	100,0
Samtals til ráðstöfunar	280.831.232	100,0	278.165.178	100,0
<b>Útgreiðslur:</b>				
Greidd verðtilfærsla til afurðastöðva	131.034.499	46,7	143.053.499	51,6
Niðurgreiðsla iðnaðardufts	89.536.293	31,9	88.397.148	31,8
Annað	4.212.469	1,5	4.172.478	1,5
Samtals ráðstafað	224.783.261	80,0	235.623.125	84,7
Innheimt umfram útgreiðslur	56.047.971	20,0	42.542.053	15,3
Afgangur færður til næsta árs	123.819.958	44,1	67.771.987	24,4

Velta verðtilfærslusjóðs SAM hækkaði lítillega frá árinu 2019 til 2020. Hækkunin var vegna breytinga í sölu á einstökum vörum, einkum rjóma, fitulitlu viðbiti og mögrum ostum. Árið 2020 voru tekjur sjóðsins 56 milljónum króna hærrí en útgjöldin og inneign í sjóðnum í árslok 2020 voru 123,8 milljónir króna.